


SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA


STARFSÁÆTLUN

2027

Hlutverk SSNV og framtíðarsýn Sóknaráætlunar NV

SSNV eru landshlutasamtök á Norðurlandi vestra. Samtökin eru ***hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur*** *sveitarfélaganna Skagafjarðar, Skagastrandar, Húnabyggðar og Húnaþings vestra. SSNV styður einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir við að ná* ***árangri*** *á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. SSNV er í forsvari gagnvart stjórnvöldum og sinnir almennri hagsmunagæslu í stefnumótun, byggðamálum og atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi vestra.*

Á Norðurlandi vestra er ***framsækið og samheldið samfélag*** *sem byggir á traustum grunni. Jákvæðni og bjartsýni ríkir á svæðinu sem einkennist af fjölbreyttu atvinnulífi, nýsköpun og drifkrafti íbúa. Landshlutinn hefur skapað sér* ***sérstöðu*** *í hugum fólks, bæði heimamanna og gesta.*



Stjórn SSNV

Ný stjórn SSNV var skipuð á aukaársþingi landshlutasamtakanna þann 29. júní 2026. Stjórn fundar alla jafna mánaðarlega, ýmist á fjar- eða staðfundi. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu samtakanna, auk þess að vera sendar út til sveitarfélaganna og þingmanna kjördæmisins.

Stjórn SSNV

Magnús Magnússon, Húnaþing vestra, formaður

Jóhanna Ey Harðardóttir, Skagafjörður, varaformaður

Einar E. Einarsson, Skagafjörður

Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð

Davíð Birkir Tryggvason, Skagaströnd

Varamenn

Nína Axelsdóttir, Húnaþing vestra

Sólborg S. Borgarsdóttir, Skagafjörður

Halldór Jón Sigurðsson, Skagafjörður

Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnabyggð

Eydís Inga Sigurjónsdóttir, Skagaströnd



Magnús Magnússon



Jóhanna Ey Harðardóttir



Guðmundur Haukur Jakobsson



Einar E. Einarsson



Davíð Birkir Tryggvason

Hjá samtökunum starfar sterk liðsheild með fjölbreytta menntun og áratuga reynslu

Starfsfólk SSNV



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
Framkvæmdastjóri



Guðlaugur Skúlason
Verkefnastjóri



Davíð Jóhannsson
Verkefnastjóri



Berglind Björnsdóttir
Verkefnastjóri



Matthías Rúnarsson
Skrifstofa og bókhald



Sara Björk Þorsteinsdóttir
Verkefnastjóri farsældar

HAGSMUNAGÆSLA

Meðal verkefna ársins 2027 eru:

- *Umsagnir um fjárlög og önnur þingmál*
- *Eftirfylgni með Sóknaráætlun Norðurlands vestra*

Eitt af hlutverkum SSNV er að vera málsvari sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra gagnvart ríkisvaldinu. Hagsmunagæsla fyrir svæðið er þar af leiðandi kjarninn í starfseminni, þar sem sjónarmiðum og hagsmunum Norðurlands vestra er komið skýrt á framfæri og fylgt eftir af ákveðni.

Samtökin funda þegar kostur gefst með þingmönnum NV kjördæmis, taka þátt í mótun stefnu stjórnvalda á lykilsviðum og eiga í samtali við hagsmunaaðila bæði innan svæðisins og utan þess. Að skila umsögnum, skrifa greinar og taka þátt í fundum, ráðstefnum og málþingum er jafnframt liður í því að tryggja að rödd Norðurlands vestra fái að heyrast.


Náið samstarf við aðrar stofnanir, bæði á svæðinu og utan þess, er einn af hornsteinum þessarar hagsmunagæslu. SSNV vinnur í þessu sambandi náið með öðrum landshlutasamtökum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun, stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál, auk ýmissa ráðuneyta og ríkisstofnana.

SAMSTARFSVETTVANGUR

SSNV er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra og starfar á grundvelli grundvelli sameiginlegra hagsmuna þeirra. Sveitarfélögin vinna saman að fjölmörgum verkefnum fjölmörgum verkefnum svo sem samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra, Loftslagsstefnu Loftslagsstefnu og farsældarráði, auk þess sem sóknaráætlun landshlutans og Uppbyggingarsjóður Uppbyggingarsjóður eru meðal þeirra verkfæra sem samstarfið byggir á. Með þessu samstarfi ná samstarfi ná sveitarfélögin fram slagkrafti, hvort sem er í hagsmunagæslu gagnvart ríkisvaldinu, ríkisvaldinu, mótun sameiginlegrar stefnu eða úthlutun fjármagns til verkefna sem styrkja búsetu styrkja búsetu og atvinnulíf á svæðinu.

Meðal verkefna ársins 2027 eru:

- *Mánaðarlegir fundir með sveitarstjórum landshlutans.*
- *Samráðsfundir, ráðstefnur og þing með öðrum landshlutasamtökum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.*
- *Farsældarráð.*



SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

Sóknaráætlun Norðurlands vestra er fimm ára áætlun sem ætlað er að vera leiðarljós í uppbyggingu landshlutans á tímabilinu.
Ásamt SSNV koma fjölmargir aðilar að því að hrinda henni í framkvæmd, s.s. sveitarfélögin og aðilar sem fá úthlutað styrkjum úr Uppbyggingarsjóði.

Mótuð hefur verið framtíðarsýn fyrir Norðurland vestra sem er lögð til grundvallar sóknaráætluninni.
Valdir hafa verið fjórir lykilmálaflokkar og áherslur skilgreindar innan þeirra. Undir hverri áherslu hafa verið mótuð markmið auk þess sem sett eru fram dæmi um aðgerðir sem stuðla að því að þeim verði náð á gildistíma sóknaráætlunarinnar.
Sóknaráætlun Norðurlands vestra leggur áherslu á fjóra meginþætti: Samvinna, jákvæðni og bjartsýni, Góður staður til að búa á, Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf og Sjálfbær landshluti.

Meðal verkefna ársins 2027 eru:

- *Eimur.*
- *Fjárfestingar og nýsköpun.*
- *Úthlutun Uppbyggingarsjóðs 2028.*
- *Ákvörðun um áhersluverkefni 2028-2029.*
- *Taka saman og leggja fyrir stjórn og ársþing árlega framvinduskýrslu um sóknaráætlun.*
- *Uppfæra mælikvarða áætlunarinnar og birta á vef samtakanna.*
- *Halda áfram samráði við íbúa, t.d. með samráðsfundum eða könnunum eftir þörfum.*

ATVINNU- OG BYGGÐAÞRÓUN

Uppbygging atvinnulífs í landshlutanum er leiðandi stef í starfi samtakanna. SSNV sinnir ráðgjöf á sviði atvinnu- og byggðaþróunar til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra á grundvelli samnings við Byggðastofnun. Verkefnið er eitt af kjarnaverkefnum samtakanna og fastur liður í starfi allra verkefnastjóra eftir því sem við á.

Dæmi um verkefni ársins 2027 eru:

- *Halda áfram reglubundinni atvinnuráðgjöf og eftirfylgni eftirfylgni samkvæmt samningi við Byggðastofnun.*
- *Halda annað hvert ár Starfamessu í samstarfi við skóla og skóla og atvinnulíf – haldin 2027.*
- *Efla atvinnu- og fjárfestingaráðgjöf með ráðningu verkefnastjóra fjárfestinga og atvinnuþróunar.*
- *Halda kynningarfundi um þjónustu SSNV fyrir íbúa af erlendum uppruna.*

FJÁRFESTINGAR OG NÝSKÖPUN
NÝSKÖPUN

Meðal verkefna ársins 2027 eru:

- *Halda áfram með Startup Landið fyrir frumkvöðla sem hófst haustið 2025.*
- *Halda áfram samstarfi um Norðansprota og Norðanstorm.*
- *Miðla reglulega upplýsingum um styrkjaumhverfi og veita stefnumiðaða ráðgjöf til frumkvöðla.*
- *Kynna svæðið og fjárfestingatækifæri þess markvisst fyrir fjárfestum, m.a. með kynningarefni og fundum.*
- *Fylgja eftir og uppfæra fyrirliggjandi tækifærisgreiningar og kortleggja frekari atvinnulóðir og tækifæri.*

SSNV styður markvisst við nýsköpun á Norðurlandi vestra með það að markmiði að fjölga fjölbreyttum og eftirsóknarverðum störfum, efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og styrkja þannig búsetuskilyrði í landshlutanum. Í því felst meðal annars að styðja við frumkvöðla og fyrirtæki á ýmsum stigum, hvort sem er við stofnun rekstrar, gerð viðskiptaáætlana, fjármögnun eða þróun nýrra viðskiptahugmynda, auk þess að leita leiða til að laða að fjárfestingar og byggja upp tengsl við fjárfesta bæði innanlands og erlendis.

Fjárfesting í atvinnulífi og uppbyggingu er ein af áherslum sóknaráætlunar og fer sífellt vaxandi í starfi SSNV. Á árinu 2027 verður sérstök áhersla lögð á að efla þennan málaflokk enn frekar. Verkefnastjóri fjárfestinga mun leiða fjárfestingaverkefni landshlutans í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og aðra hagaðila, kortleggja og fylgja eftir fjárfestingatækifærum, veita atvinnuráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja og taka þátt í að kynna Norðurland vestra sem eftirsóknarverðan stað fyrir fjárfestingar, atvinnurekstur og uppbyggingu.

Með þessu styrkir SSNV innviði sína til að sinna atvinnu- og byggðaþróun með markvissari hætti og tryggir að landshlutinn standi vel að vígi í samkeppni um fjárfestingar og nýja starfsemi.

FARSÆLDARRÁÐ OG UNGMENNAVERKEFNI
UNGMENNAVERKEFNI

Í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) hefur SSNV haft umsjón með mótun og starfi svæðisbundins farsældarráðs á Norðurlandi vestra, þar sem fulltrúar þjónustukerfa er varða börn og fjölskyldur eiga sæti. Verkefnastjóri farsældarráðs er starfsmaður SSNV og hefur meðal annars umsjón með samstarfi milli sveitarfélaga, stofnana og annarra aðila sem koma að farsæld barna í landshlutanum, auk þess að fylgja eftir innleiðingu laganna á svæðinu.
Rödd ungs fólks er mikilvæg í stefnumótun sóknaráætlunar og starfi SSNV almennt, enda er markmiðið að þátttaka og sjónarmið ungs fólks endurspeglist í ákvörðunum sem varða framtíð landshlutans. Áhersluverkefnin „Ungt fólk á Norðurlandi vestra" og „Örmyndbönd – viðtöl" hafa lagt grunn að þessari vinnu með því að draga fram viðhorf og reynslu ungs fólks á svæðinu, og verða þau höfð til hliðsjónar við frekari verkefni og áherslur á komandi árum.

Meðal verkefna ársins 2027 eru:

- *Verkefnastjóri farsældarráðs boðar og heldur utan um fundi ráðsins og framkvæmdahóps.*
- *Ljúka mótun og innleiðingu verklags/samstarfs milli sveitarfélaga, ríkisstofnana og annarra lykilaðila.*
- *Styðja við og efla samstarf ungmennaráða sveitarfélaganna á starfssvæðinu.*
- *Halda ungmennaþing landshlutans í samstarfi við sveitarfélögin.*



MENNINGARMÁL OG FERÐAÞJÓNUSTA

Íbúakannanir benda til þess að menning sé ein af þeim breytum sem hafi hvað mest áhrif á hamingju íbúa, og því er mikilvægt að hlúa vel að menningarlífi í landshlutanum og skapa því gott umhverfi til að vaxa og dafna.
SSNV styður við menningu í landshlutanum í gegnum Uppbyggingar-sjóð og með því að styðja sveitarfélögin og leita með þeim leiða til að efla menningarlíf enn frekar, enda er blómlegt menningarlíf ein af forsendum þess að fólki líði vel og vilji búa og starfa í landshlutanum til framtíðar.

Norðurland vestra getur skapað sér sérstöðu sem miðstöð ævintýra-ferðamennsku á Íslandi, auk sérstakrar áherslu á íslenska hestinn og miðlun sagnaarfsins, en þessir þættir draga saman það sem gerir svæðið einstakt: víðáttumikla náttúru, ríka reiðmennskuhefð og lifandi tengingu við Íslendingasögurnar. Verkefnastjóri SSNV á sviði ferðaþjónustu sinnir samstarfi við stoðkerfi greinarinnar, sveitarfélög og einstök fyrirtæki, meðal annars með því að styðja við vöruþróun, markaðssetningu og samstarfsverkefni sem styrkja ímynd og sýnileika Norðurlands vestra sem áfangastaðar, jafnt innanlands sem erlendis.

Meðal verkefna ársins 2027 eru:

- *Halda áfram mánaðarlegum samráðsfundum starfsfólks sveitarfélaga um menningarmál.*
- *Vinna sameiginlegar styrkumsóknir til að styðja við barnamenningu og fjölbreytni menningarlífs.*
- *Koma á fót minnst einu verkefni á árinu sem styður virkni og þátttöku íbúa af erlendum uppruna.*
- *Halda reglulega fundi Fagráðs ferðaþjónustunnar, um fjórum til fimm sinnum á ári.*
- *Halda árlegan „Haustdag ferðaþjónustunnar“ fyrir aðila í greininni á svæðinu.*
- *Vinna áfram að erlendum samstarfsverkefnum tengdum ferðaþjónustu, þ.m.t. eftirfylgni með SUB og GLOW verkefnunum.*

ALÞJÓÐLEG SAMSTARFSVERKEFNI

SSNV hefur verið aðili að erlendum samstarfsverkefnum sem snúa á einn eða annan hátt að atvinnuþróun á svæðinu, sem er jafnframt í takt við þá áherslu byggðaáætlunar að efla þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Þátttakan eykur aðgengi að sérfræðiþekkingu, fjölgar tækifærum til tilrauna- og samstarfsverkefna og færir landshlutanum fjármagn erlendis frá.

Reynsla SSNV af alþjóðlegum samstarfsverkefnum hefur reynst mjög góð og hefur styrkt samtökin í starfi, meðal annars með því að færa þeim ný tól og aðferðir sem nýtast áfram í samstarfi við frumkvöðla á svæðinu til að efla þá í starfi.

Dæmi um verkefni ársins 2027 eru:

- *Fylgja eftir afrakstri þeirra verkefna sem við höfum verið þátttakendur í, m.a. SUB- og GLOW-verkefnunum.*
- *Fylgjast með og meta möguleika á þátttöku í nýjum verkefnum hjá NORA, Nordregio og Interreg NPA.*

